

264. Stjórnarfundur FEBRANG 25. ágúst 2025 í Menningarsalnum á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Ásdís Ólafssdóttir, Einar G. Magnússon, Svavar Hauksson og Svavar Ólafsson. Jóna Elísabet Sverrisdóttir og Sigurborg Óskarsdóttir boðuðu forföll. Finnur Egilsson bað Sigdísi Oddsdóttur um að rita fundargerð og Ásdísi Ólafsdóttur um að lesa síðustu fundargerð.

1. Fundargerð 263. Stjórnarfundar frá 18. ágúst, lesin og samþykkt.
2. Farið yfir verðtilboð frá Svartlist varðandi prentun á fréttabréfi félagsins og var það samþykkt.
3. Vel gengur að fá auglýsingar í fréttabréfið og vonast er til að auglýsingakostnaður dekki prentkostnað. Ekki stendur til að dreifa fréttabréfinu á hvert heimili heldur koma eintökum til ýmissa stofnana og fyrirtækja í Rangárvallasýslu. Síðan verður það auglýst á Facebook síðu félagsins hvar má nálgast eintak.
4. Landsbankinn styrkir félagið í snjalltækjakennslu á komandi starfsári. Verður það auglýst síðar.
5. Farið yfir komandi vetrarstarf, búið er að fá flestar dagsetningar staðfestar.
6. Jón Ragnar Björnsson áætlað að vera með ljósmyndanámskeið dagana 26/9 og 3/10. Félagið samþykkir að niðurgreiða námskeiðið um 20 % . Jón mun sjá um skráningu á námskeiðið.
7. Ásdís ræddi við Hörpu Rún varðandi námskeið í skapandi skrifum. Hún áætlað að hefja námskeið þegar líða fer á haustið. Nánar auglýst síðar.
8. Ferðanefnd fundaði 25/08/2025. Tillaga er um að fara í ferð til Stokkhólms 31. Maí -4. Júní 2026. Farið verður með Ferðaskrifstofu eldri borgara og er Þórhallur Heimisson fararstjóri. Verð fyrir hvern farþega er 269.000 kr. Okkur standa 46 sæti til boða. Díska mun sjá um samskipti við ferðaskrifstofu. Skráning mun hefjast fljótlega. Ferðanefnd leggur einnig til tveggja náttu ferð í lok næsta sumars.

9. Enginn hefur gefið sig fram í að sjá um spilin á Hellu í vetur. Enginn hefur heldur gefið sig fram í að sjá um kaffið með spilunum. Send verður út auglýsing til að sjá hvort einhver gefi sig fram. Ef ekki er óvíst hvort spilað verði á Hellu í vetur.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Formaður

Ritari